

# INTERVAC Á ÍSLANDI

Fréttabréf janúar 2011 | 1. tölublað, 1. árgangur

## OPID KAFFIHÚSAKVÖLD 6. FEBRÚAR 2011

Kæru félagar; það er komið að því!

Sunnudaginn 6. febrúar frá kl. 20 verður opið hús í Farfuglaheimilinu í Laugardal, þar sem við bjóðum upp á kaffi og smákökur, spjall og kynningu á Intervac vefnum.

Hildur Kjartansdóttir, margreyndur Intervac félagi með silfurskjöld, ætlar að deila með okkur reynslu sinni af ferðalögum um heiminn og kynnum af Intervac heimilaskiptum sínum.

Í Farfuglaheimilinu í Laugardal er notalegur salur þar sem við höfum tækifæri til að hittast, spjalla, sýna okkur og sjá aðra; kynnast reynslu fólks af heimilaskiptum og segja frá okkar eigin reynslu.

## VIÐ SEM ERUM Í INTERVAC - SKOÐANAKÖNNUN

Rétt fyrir áramótin fengu allir þeir sem höfðu frá upphafi skráð aðild að Intervac ósk um að svara stuttri skoðanakönnun. Hugmyndin var að átta sig aðeins á því hvernig meðlimir Intervac væru að nota vefinn. Eins að reyna að greina raddir fólksins sem notar vefinn; við erum jú nánast ósýnileg við tölvurnar okkar.

Nærri 100 manns svöruðu, þar af voru 70% konur. Rúm 40% voru á aldrinum 41 - 50 ára, 25% voru ýmist 31 - 40 ára eða 51 - 60 ára. Eitt og annað áhugavert kom fram í svörum. Um helmingur svarenda fer í heimilaskipti í fjögurra manna fjölskyldu. Meira en helmingur hafði lengri aðild en eitt ár að Intervac og sá sem átti lengstu aðildina í könnuninni hefur verið 15 ár í Intervac!

Rétt um 95% kvittuðu fyrir að væntingar þeirra til heimilaskipta hefðu staðist og um 90% hafa kynnt Intervac fyrir vinum og kunningjum. Takk fyrir það!

Í lokin buðum við svarendum að koma með eigin athugasemdir. Við erum þakklát og stolt fyrir þær jákvæðu umsagnir sem þar komu fram, eins og: „Frábær leið til að ferðast“, „Bráðsniðugt fyrirkomulag“ og „Þetta er frábær vefur og hefur bætt miklu við líf okkar“.

Ábendingar um galla í forriti, verð og fleira, verða teknar til athugunar með þökkum. Þær eru okkar tækifæri til að gera enn betur.

### INNIHALD

OPID KAFFIHÚSAKVÖLD 6. FEBRÚAR	1
VIÐ SEM ERUM Í INTERVAC	1
SAMNINGAR UM HEIMILASKIPTI	2
FYRIRHUGAÐAR BREYTINGAR Á VERÐSKRÁ	2



Tebúð á markaðnum Khan al-Khalili í Kairó

Myndir á heimasvæðum okkar eru dýrmætar og góð kynning á því sem við höfum að bjóða. Fallegar myndir af heimilum okkar og umhverfi, hugmyndir að skemmtilegum stöðum að heimsækja; allt vinnur þetta saman að því að enn fleiri vilji koma til landsins.

## SAMNINGAR UM HEIMILASKIPTI TELJA SKIPTIN ÞÍN OG BREYTA ÞAR MEÐ MEDALÍUNNI ÞINNI

Á síðasta ári voru eyðublöð fyrir heimilaskiptasamninga sett inn á vef Intervac. Samhliða var gerð sú breyting að á kynningarsvæðum okkar birtast s.k. medalíur sem gefa til kynna reynslu okkar af heimilaskiptum. Uppfærsla medalíanna var gerð sjálvvirk með beintengingu við heimilaskiptasamningana sem við gerum á Intervac vefnum.

Fyrir okkar fyrstu skipti fáum við merkið „Ready to go“. Eftir skráningu á fyrsta heimilaskiptasamningnum breytist medalían í Bronze. Eftir tvo slíka samninga uppfærast málmurinn í silfur. Þar erum við á meðan skiptin okkar eru 3 - 5, gullið er merkt þeim sem eiga 6 - 10 skipti að baki og platinumerkið er fyrir þá sem hafa skipt oft en 10 sinnum.

Nú geri ég ráð fyrir að einhverjir eigi óskráð skipti að baki en vilji gjarna fá að njóta reynslu sinnar, enda lítur það vel út fyrir þann sem leitar sér að skiptifélaga. Því hvet ég ykkur til að senda mér línu þess efnis á [iceland@intervac.com](mailto:iceland@intervac.com). Ég sendi ykkur þá lista til að fylla í og þá er hægt að uppfæra þær

upplýsingar. Ef þið endurskráið ykkur á vefinn eftir nokkurt hlé, þá eigið þið enn gamla númerið ykkar og það er auðvelt að endurvirkja það. Efnið ykkar er vel geymt hjá Intervac.



Rúmlega 7000 fjölskyldur eru með virka skráningu í Intervac um allan heim, þar af rúmlega 100 á Íslandi.

## FYRIRHUGAÐAR BREYTINGAR Á VERÐSKRÁ INTERVAC 1. MARS 2011

Intervac á Íslandi er í dag með lægsta verð á aðildarskráningum innan Intervac í Evrópu. Viða er árgjaldið 70, 80, 90, 110 € og jafnvel hærra.

Pegar ég gerðist umboðsmaður haustið 2009 krossbrá mér að þurfa að borga 70 € og Evran á tæpar 190 krónur! Það varð úr að samið var um séríslenskt verð og einkum náðist mjög finni samningur um 2ja ára aðildina, sem kostar í dag 100 €.

Viðmið Intervac á aðildarverðlagi fyrir eitt ár, er að það sé svipað og verð fyrir eina nótt á þokkalegu 3ja stjörnu hóteli í Evrópu fyrir 2ja manna herbergi.

Nú hefur krónan aðeins styrkts og það hefur aldrei verið sérstakt markmið Intervac að vera ódýrustu heimilaskiptasamtök heimsins. Við viljum heldur bjóða góða þjónustu og sinna þeim vel sem eru virkir í Intervac.

Með styrkingu krónunnar undanfarið og auknu sjálfstrausti þjóðarinnar eftir hrun, munum við mjaka okkur í verði til jafns við það sem gengur og gerist í Evrópu.

1. mars nk. verða nokkrar verðbreytingar á aðildinni að Intervac. Ársaðildin mun hækka úr 60 í 65 €. Þeim sem endurnýja aðild sína áður en hún rennur út (bréf um það berst með tölvupósti 3 vikum áður en það gerist) er boðið að endurnýja með 10 € afslætti eða á 55 €.

Áfram verður boðið upp á 2ja ára aðild, sem verður lang hagstæðasti kosturinn og hækkar aðeins í 110 € úr 100 € en helst óbreytt ef aðild verður samfelld.

Það er nýjung að hægt er að skrá annað heimili, sumarbústað eða frístundahús á sama eiganda. Á því er mjög hagstætt verð og verður áfram. Fer úr 45 í 50 €.

-ST

